

2. Skólaráðsfundur Fellaskóla, skólaárið 2024 – 2025, haldinn 30. september kl. 8:15.

Mættir: Alexandra Kondraciuk og Milana N fulltrúar nemenda, Sólveig Marý Einarasdóttir og Aron Berg Pálsson, fulltrúar kennara, Edda Sif H. Eyjólfsdóttir, fulltrúi foreldra, Hlynur Einarsson, fulltrúi grenndarsamfélags og Helgi Gíslason, skólastjóri.

Forföll: Stefán

Fundarritari: Bryndís Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Starfsáætlun Fellaskóla rædd og samþykkt?

Allir fengu starfsáætlun afhenta fyrir fund. Óskað eftir athugasemdum sem voru engar. Skólaráð samþykkir starfsáætlun.

2. Farið yfir skóladagatal þessa skólaár.

Síðasta skólaráð samþykkti skóladagatal fyrir skólaárið en vegna nýrra meðlima fer HG yfir það aftur. Útskýrir samráð við leikskólanna við gerð dagatals, 3 af 5 samráðsdögum þurfa að vera þeir sömu. Jólaskemmtun útskýrð, eldra stig mæta 2x 19. des. og sleppa því að mæta 20. des. Vorhátíðardagur er tvöfaldur dagur. Ef breytingar eru gerðar þarf skólaráð að samþykkja. Aron spyr um breytingar sem rætt var um á síðasta ári, það að færa starfsdag frá vori yfir á haust.

Milana spyr um dagsetningu árhátíðar. Nemendur óskuðu eftir að hafa hana daginn fyrir Fellafjör. Aðrar tillögur eru 3. og 10. apríl.

3. Nýir starfsmenn:

Farið yfir nýja starfsmenn. Bætt var við starfsmönnum á eldra stigi og erum að prófa okkur áfram með arabískumælandi starfsmann. Fulltrúi foreldra hrósar nýjum leiðbeinendum sem hún hefur þurft að vera í samskiptum við. Starfandinn er mjög góður. Nýir starfsmenn voru boðaðir degi á undan sem hafði góð áhrif á hópinn. Það vantar einn kennara í dönsku og íslensku þar sem sá sem var ráðinn hefur látið af störfum. Umræður um dönskukennslu, skiptar skoðanir fundarmeðlima. HG sagði frá **dönskum farkennara sem hrósaði nemendum í Fellaskóla.**

4. Helstu áherslur skólaársins

Sömu áherslur en lögð er aukin áhersla á læsi og erum farin af stað með nýtt þróunarverkefni á eldra stigi. Nemendur líða fyrir aukning á nýjum nemendum og þeim finnst ekki sömu reglur gilda um mismunandi menningarheima. Við erum öll í sama skóla. Segja frá því að þær lærðu íslensku með því að tala íslensku. Einnig upplifa nemendur að mál séu ekki unnin varðandi arabískumælandi nemendur.

5. Næsti fundur

Mánudagur 11. nóvember kl. 8:15.

6. Önnur mál

- HG sagði frá foreldrafundum sem haldnir voru í september fyrir foreldra í samráði við brúarsmiði.
- Foreldrafélagið vill koma inn með fræðslu sem skólastjóri tekur vel í.

Fundi slitið: 9:02